

## Umdæmisstjóri - Governor 2012 -2013 Hjördís Harðardóttir



Á umdæmisþinginu í Reykjanesbæ í haust mun Hjördís Harðardóttir úr Kiwanisklúbbnum Sólborgu taka við sem umdæmisstjóri Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar. Hjördís er fædd og uppalin í Reykjavík en síðastliðin tuttugu ár hefur hún búið í Garðabæ. Hún útskrifaðist sem stúdent árið 1985 frá Fjölbrotaskólanum í Breiðholti, þaðan lá leið hennar í Tækniháskólann og útskrifaðist hún með BSc. Próf í lífeindafræði árið 1989. Hjördís er gift Sigurpáli Bergssyni húsasmíðameista og eiga þau þrjú börn, Ásgeir Örn 22 ára, Maríu Björk 20 ára og Bryndísi Rósu 15 ára. Áhugamál Hjördísar fyrir utan Kiwanis eru fjallgöngur, ferðalög og matargerð. Árið 1995 gekk Hjördís til liðs við Kiwanishreyfinguna, fyrst í Kiwanisklúbbinn Korpu sem var í Reykjavík en frá árinu 1999 hefur hún verið í Sólborg í Hafnarfirði. Hún hefur gengt flestum embættum klúbbsins og var forseti starfsárið 2005-2006. Hjördís var valin fyrirmyndar forseti Ægissvæðis og áður hafði hún verið fyrirmyndar ritari svæðisins. Árið 2008 tók Hjördís að sér að vera umdæmisritari og gengdi því embætti í þrjú ár, fyrst í umdæmisstjórnartíð Matthíasar G. Péturssonar og síðan hjá Óskari Guðjónssyni í tvö ár. Á þessum tíma var hún einnig formaður kvennanefndar umdæmisins og tengiliður við Kvennanefnd Evrópu. Kjörorð umdæmisstjórnar 2012-2013 Kiwanishjarta er allt sem þarf Markmið umdæmisins starfsárið 2012-2013 Efling, sýnileiki, jákvæðni, framsækni

